



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 21. desember 2009

Ákvörðun nr. 44/2009

Lok síðara sölutímabils vegna sölu á útgáfuréttindum og birgðum bóka sem kveðið er á um í ákvörðun nr. 8/2008, Samruni JPV útgáfu ehf. og Vegamóta ehf.

I.

Ákvörðun nr. 8/2008.

Með ákvörðun nr. 8/2008, *Samruni JPV útgáfu ehf. og Vegamóta ehf. í Forlagið¹*, setti Samkeppniseftirlitið Forlaginu ehf. ítarleg skilyrði. Komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að samruninn myndi hafa skaðleg áhrif á samkeppni, gengi hann fram án íhlutunar.

Talið var ljóst að staða samrunaaðila á þeim mörkuðum sem máli skipta væri afar sterk. Þannig nyti MM um 40 – 45% markaðshlutdeildar á almennum bókaútgáfumarkaði vítt skilgreindum, og JPV um 15 – 20% hlutdeildar. Samtals nytu fyrirtækin því um 55 – 60% markaðshlutdeildar miðað við veltu ársins 2006. Væri litið til þengri skilgreiningar taldist markaðshlutdeildin ívið meiri.

Einnig bentu málgögn til þess að samrunaaðilar hefðu styrk af svonefndum baklista, þ.e.a.s. útgáfuréttindum, útgáfugögnum og birgðum af bókum, eftir ýmsa metsöluhöfunda auk ýmissa uppsláttarrita og stórvirkja. Taldi Samkeppniseftirlitið að hinn öflugri baklisti samrunaaðila myndaði að vissu marki aðgangshindrun að markaði, enda hefðu samrunaaðilar yfir að ráða bókatitlum sem spönnuðu mjög yfirgripsmikið svið og ættu því hægt um vik að bregðast við samkeppni af hálfu nýrra forlaga sem kæmu inn á markaðinn eða af hálfu þeirra forlaga sem þar störfuðu þegar. Þá taldi Samkeppniseftirlitið að samrunaaðilar hefðu styrkari stöðu en keppinautar í samskiptum við smásala. Samkeppniseftirlitið taldi einnig að samrunaaðilar hefðu sterka stöðu gagnvart rithöfundum og öðru fagfólki sem vinnur að útgáfu bóka.

Samkeppniseftirlitið taldi að samruninn hefði því skaðleg áhrif á samkeppni. Setti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum ítarleg skilyrði sem að mati eftirlitsins voru til þess fallin að eyða þeim samkeppnislegu vandamálum sem ella hefðu skapast með samrunanum.

Annars vegar voru sett skilyrði sem lúta að starfsháttum Forlagsins. Draga má skilyrðin saman með eftirfarandi hætti:

¹ Samruni JPV annars vegar og bókaútgáfuhluta Eddu (Vegamóta ehf., þ.e. bókaútgáfu bókmenntafélags Máls og menningar) hins vegar, í útgáfufyrirtækið Forlagið.



- Forlagið semji aðeins um útgáfurétt á einum bókartitli hverju sinni við þá rithöfunda sem Forlagið gerir útgáfusamninga við.
- Forlagið ákveði aðeins forlagsverð (heildsöluverð) þeirra bóka sem Forlagið gefur út og selur til endurseljenda bóka. Forlaginu verði óheimilt að hafa nokkur afskipti af söluverði endurseljenda eða birta með neinu móti söluverð endurseljenda á bókum sem Forlagið gefur út.
- Forlaginu sé óheimilt að veita endurseljendum afslátt frá heildsöluverði bóka sinna nema Forlagið geti með óyggjandi hætti sýnt fram á kostnaðarlegt hagræði af viðskiptum við viðkomandi endurseljanda sem sé í samræmi við afsláttinn.
- Forlaginu sé óheimilt að gera hvers kyns einkakaupasamninga við endurseljendur bóka.
- Forlaginu sé óheimilt að beita hvers kyns samtvinnun í viðskiptum sínum við endurseljendur. Með þessu er til dæmis átt við að Forlaginu sé óheimilt að tengja sölu á einstökum bókartitlum sínum skilyrðum á borð við það að endurseljandi selji einnig aðrar bækur Forlagsins, eða að Forlagið taki þátt í kostnaði við auglýsingar með sambærilegu skilyrði um sölu á tilteknum öðrum bókartitlum.
- Forlaginu sé ekki heimilt að mismuna endurseljendum bóka í hvers kyns kynningarstarfi, auglýsingaherferðum, eða með efni sem snýr að uppstillingu og auglýsingu (framstillingu og uppstillingu) bóka í verslunum endurseljenda nema slík mismunun byggist á almennum viðskiptalegum sjónarmiðum.

Hins vegar er kveðið á um að Forlagið selji tiltekin útgáfuréttindi, þ.e. réttindi til að gefa út tilteknar bækur og ritsöfn, ásamt birgðum af þessum bókum og ritsöfnum, í því skyni að draga úr markaðsstyrk samrunaaðila gagnvart keppinautum og vinna gegn skaðlegum áhrifum samrunans.

Að því er varðar söluskylduna var kveðið á um að selja skyldi viðkomandi réttindi og eignir innan tiltekinna tímamarka og voru skilgreind tvö sölutímabil:

- Fyrra sölutímabil, þar sem Forlagið skyldi selja eignirnar, undir tilsjón sérstaks umsjónarmanns sem Samkeppniseftirlitið skipaði og
- seinna sölutímabil, þar sem söluaðilar skipaðir af Samkeppniseftirlitinu skyldu annast sölu ef Forlaginu hefði ekki tekist að selja eignirnar á fyrra tímabilinu.

II.

Framkvæmd ákvörðunar nr. 8/2008.

Ákvörðuninni var hrint í framkvæmd með skipun umsjónarmanns með framkvæmd ákvörðunarinnar og voru söluandlögin í framhaldi af því auglýst af Forlaginu í Morgunblaðinu í maí 2008. Viðbrögð bókaútgefenda við auglýsingunni urðu dræm og bárust fáar fyrirspurnir til Forlagsins og engin formleg tilboð. Sérstök auglýsing um söluandlögin var send bókaútgefendum í Félagi íslenskra bókaútgefenda í framhaldi af auglýsingunni. Þrjár fyrirspurnir bárust en ekkert tilboð. Ekkert seldist því af umræddum verkum á fyrra sölutímabili.

Nokkrar óformlegar kvartanir bárust um upplýsingagjöf Forlagsins. Taldi umsjónarmaður með framkvæmd ákvörðunarinnar ekki tilefni til sérstakra aðgerða vegna þeirra og taldi Samkeppniseftirlitið ekki forsendur til þess að aðhafast frekar.



Síðara sölutímabil hófst í ársbyrjun 2009 og voru tveir söluaðilar skipaðir. Auglýstu þeir bæði og kynntu viðkomandi verk fyrir hugsanlegum kaupendum. Þeim aðilum sem vitað var að höfðu sýnt áhuga á fyrra sölutímabilinu með fyrirspurnum til Forlagsins voru boðin umrædd bókverk og útgáfuréttindi til kaups og óskað tilboða innan tiltekins frests. Bárust nokkrar fyrirspurnir, bæði fyrir og eftir þann auglýsta tilboðsfrest. Í framhaldinu framlengdu söluaðilar frestinn og leituðu til Félags íslenskra bókaútgefenda sem auglýsti fyrir félagsmönnum að áðurnefnd verk og réttindi væru boðin til sölu.

Eitt formlegt tilboð kom fram áður en hinn lengdi tilboðsfrestur var á enda. Tilboðið var byggt á mati á kostnaði við að halda úti sölu og endurprentunum á bókinni sem um ræðir og mati á tekjum af sölu bókarinnar. Söluaðilar töldu þetta tilboð of lágt. Töldu þeir að útgjöld væru ofátæluð í tilboðinu og tekjur vantaldar. Þeir tilkynntu tilboðsgjafa að þeir teldu þetta of lágt verð og buðu honum að leggja fram nýtt tilboð. Slíkt tilboð barst ekki.

Á meðan á söluferlinu hefur staðið hafa forsendur breyst vegna hluta þeirra verka sem Forlaginu var gert að láta frá sér. Þannig hafði Forlagið t.d. lagt til við móttöku skilyrðanna að það léti frá sér útgáfu á verkum Halldórs Laxness. Útgáfuréttindin sjálf voru í höndum erfingja Halldórs. Í lok síðasta árs kom síðan fram eindregin krafa frá erfingjunum um að skilyrðin yrðu endurskoðuð að þessu leyti þar sem vilji þeirra stæði til þess að halda áfram samstarfi við Forlagið. Var hér um að ræða breytingu frá fyrri afstöðu þeirra. Að lokinni athugun þeirrar beiðni taldi Samkeppniseftirlitið ekki forsendur til þess að viðhalda þessum hluta skilyrðanna. Þá hefur einnig risið ágreiningur um eignarhald á útgáfuréttindum eins verks til viðbótar.

Samkeppniseftirlitinu barst í lok árs 2008 erindi frá Forlaginu þar sem óskað var eftir því að skilyrðin yrðu endurskoðuð, bæði söluskilyrðin og framangreind hegðunarskilyrði. Þeirri málaleitan var vísað frá sem órökstuddri.

III.

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins.

Í 5. mgr. 11. gr. ákvörðunar nr. 8/2008 segir að verði ekki árangur af sölutilraunum á síðara sölutímabili geti Samkeppniseftirlitið framlengt síðara sölutímabil ef stofnunin telur að staða samrunaaðila á markaði geri það að verkum að slíkt sé nauðsynlegt. Í máli þessu tekur Samkeppniseftirlitið ákvörðun um hvort framlengja eigi síðara sölutímabil samkvæmt þessari grein.

Við ákvörðun um framangreint er annars vegar horft til hins takmarkaða áhuga sem bókaútgefendur hafa sýnt á því að kaupa umræddar eignir. Á sölutímabilinu hefur einungis eitt formlegt tilboð borist. Töldu söluaðilar að tilboðið væri ófullnægjandi. Hins vegar er horft til erfiðs efnahagsástands nú um stundir, en ljóst er að efnahagskreppan hefur haft veruleg áhrif á framkvæmd skilyrðanna að þessu leyti. Ekki eru líkur á því að efnahagsaðstæður breytist umtalsvert til hins betra í náinni framtíð. Með hliðsjón af þessu telur Samkeppniseftirlitið að framlenging sölutímabilsins sé ekki líkleg til þess að hafa áhrif. Mun Samkeppniseftirlitið því ekki nýta framangreinda heimild.

Með hliðsjón af framangreindu mun kafli A í ákvörðunarorði ákvörðunar nr. 8/2008 falla úr gildi við lok síðara sölutímabils. Áður hafði fallið úr gildi 19. gr. er laut að



útgáfusamningi á verkum Halldórs Laxness sem áður var getið. Önnur ákvæði ákvörðunarorðs halda gildi sínu, þ.á m. ákvæði kafla B, 13. – 21. gr.

**IV.
Ákvörðunarorð:**

„Samkeppniseftirlitið telur að ekki liggi fyrir fullnægjandi rök fyrir því að framlengja síðara sölutímabil söluandlaga skv. 5. mgr. 11. gr. ákvörðunar nr. 8/2008. Ákvæði 1. – 12. gr. ákvörðunar falla því úr gildi við lok síðara sölutímabils eða þann 31. desember 2009.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson